

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 10. desember 2020: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um akstur P merktra ökutækja:

Nú er upplýst að fatlað fólk verður fyrir aðkasti gangandi vegfaranda á göngugötum miðborgarinnar er það ekur um á P merktum ökutækjum, sem það hefur fullan rétt til. Ekki má ætla að háttprúðir göngugarpar sem um þessar nýlokðu göngugötur fara séu það ófyrirleitnir að þeir líði ekki fötluðu fólki að fara um þær. Heldur eru allar líkur á að um upplýsingaskort sé að ræða. Vel útfærð skilti segja til um bann við almennum akstri um göngugötur, en ekkert sést um þá undanþágu sem fatlað fólk á svo sannanlega að njóta. Flokkur fólksins hefur margoft bent á samþykktir Sameinuðu þjóðanna máli þessu til stuðnings, enda var meirihluta borgarinnar ekki stætt á að loka göngugötum alfarið fyrir akstri bifreiða, eins og stóð til. Það mætti ætla að gerð skiltis þar sem vegfarendum er gert ljóst að umferð P merktra ökutækja um göngugöturnar sé heimil sé jafn einföld og kostnaðarlítill og gerð bannskiltisins. Því leggur borgarfulltrúi Flokk fólksins til að Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar kanni hvers vegna skilti sem bæði upplýsi og heimili akstur P merktra ökutækja um göngugötur miðborgarinnar hafi ekki verið sett upp um leið og bannskiltin. Óskað er eftir flýtimeðferð þar sem greinilegt er að verið er að brjóta á mannréttindum fatlaðra.